

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. september 2016
R2016080036/12.8.4

420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um þingmál 664, frumvarp til laga um hlutafélög o.fl.

Ríkisskattstjóri hefur þann 24. ágúst 2016 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (einföldun, búsetuskilyrði).

Ríkisskattstjóri leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

I.

1. gr. frumvarpsins (eða 17. gr. frumvarpsins)

Í 1. og 17. gr. frumvarpsins eru sambærilegar breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög en í 1. gr. er lögum um hlutafélög breytt og er talað um „lífeyrissjóði“ en í 17. gr. er lögum um einkahlutafélög breytt en þar segir „lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt lögum um lífeyrissjóði“. Lagt er til að sambærilegt orðalag verði notað í báðum greinum til að tryggja sambærilega lagatúlkun á greininni. Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemd um hvort orðalagið er valið.

II

32. gr. frumvarpsins

Lagt er til að við 32. gr. frumvarpsins bætist við málsliður sambærilegur a. lið 9. gr. frumvarpsins og a. lið 22. gr. frumvarpsins en þar er fjallað um það ef stjórnarmenn og/eða framkvæmdastjórar missa hæfi beri þeim að upplýsa ríkisskattstjóra um það ásamt því að taka fram heimild skrárinnar til að afskrá vanhæfa stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Við 1. mgr. bætast því tveir nýir málsliðir sem eru svohljóðandi:

*Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri hæfi skulu þeir upplýsa sjálfseignarstofnanaskrá.
Sjálfseignarstofnanaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hæfi sem slíkir*

Að fyrrgreindum athugasemdum virtum leggur ríkisskattstjóri til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Ástríður Þórey Jónsdóttir